

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F143/2023

Reykjavík, 16. febrúar 2024

Willum Þór Þórsson  
heilbrigðisráðherra  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

## I

Vísað er til fyrri samskipta í tilefni af athugun umboðsmanns á gjaldtöku vegna bólusetninga barna á grunnskólaaldri gegn HPV sýkingum. Í fyrirspurn umboðsmanns 12. desember sl. var, með hliðsjón af þágildandi ákvæðum 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi, og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1551/2022, um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, m.a. óskað eftir upplýsingum um hvort heilbrigðisráðuneytið hefði gjaldtöku fyrir bólusetningar barna gegn HPV sýkingum til almennrar skoðunar og þá hvort sú athugun hefði haft í för með sér einhverjar breytingar á fyrirkomulagi bólusetninga eða hvort fyrir sé að svo yrði.

Í svari heilbrigðisráðuneytisins 4. janúar sl. kom fram að ráðuneytinu hafi ekki verið kunnugt um ósamræmi á milli framkvæmdar heilbrigðisstofnana við gjaldtöku og gildandi reglugerða. Það sé mat sóttvarnalæknis að mikilvægt sé að börn séu bólusett samkvæmt leiðbeiningum hans hverju sinni og magn bóluefna og fjármögnun kaupanna á þeim sé í samræmi við það sem mælt sé með hverju sinni. Þá var í svarinu að finna ýmsar upplýsingar um innkaup sóttvarnalæknis á bóluefnum og samninga þar að lútandi.

Að lokum kom fram í svari ráðuneytisins að 1. janúar sl. hafi tekið gildi reglugerðarbreytingar sem samræmi verklag og heimildir til gjaldtöku við leiðbeiningar sóttvarnalæknis um bólusetningar barna. Um sé að ræða breytingu á 2. gr. reglugerðar um bólusetningar á Íslandi, nr. 221/2001, og nýja reglugerð um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nr. 1551/2023.

## II

### 1

Reglugerð nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi, tók gildi 9. mars 2001. Í 2. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar kom fram að börnum með lögheimili hér á landi skyldi boðin bólusetning gegn tilteknum sjúkdómum þeim að kostnaðarlausu. Voru í greininni tilgreindir í átta töluliðum þeir sjúkdómar sem börnum skyldi boðin bólusetning gegn. Með 1. gr. reglugerðar nr. 904/2013, um breytingu á reglugerð nr. 221/2001, sem tók gildi 24. september 2013, var þremur sjúkdómum bætt við framangreinda upptalningu, þ. á m. leghálskrabbameini af völdum HPV sem fundinn var staður í nýjum 11. tölulið greinarinnar. Með 1. gr. reglugerðar nr. 26/2023, um (5.) breytingu á reglugerð nr. 221/2001, sem tók gildi 5. janúar 2023, var 11. tölul. 2. gr. breytt á þá leið að orðunum „leghálskrabbameini af völdum HPV“ var skipt út fyrir orðin „HPV sýkingum“. Eftir þá breytingu hafi bólusetningin þannig ekki lengur einungis verið ætluð stúlkum.

Með 1. gr. reglugerðar nr. 1553/2023, um (6) breytingu á reglugerð nr. 221/2001, sem tók gildi 1. janúar sl., var 2. gr. reglugerðarinnar breytt og er nú í ákvæðinu kveðið á um að bólusetningar sem sóttvarnarlæknir skipuleggi samkvæmt viðauka skuli vera börnum með lögheimili hér á landi að kostnaðarlausu. Greiðsluhlutdeild fyrir aðrar bólusetningar barna skuli fylgja lögum og reglugerðum um sjúkratryggingar. Í viðauka við reglugerðina er tilgreint að börn séu bólusett með Gardasil 9 bóluefni gegn HPV við 12 og 12,5 ára aldur.

Reglugerð nr. 1182/2013, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, tók gildi 1. janúar 2014. Við gildistöku hennar kom fram í 2. mgr. 7. gr. að í ungbarnavernd væri ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við þeim sjúkdómum sem taldir voru upp í ákvæðinu. Með 1. gr. reglugerðar nr. 635/2014, um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1182/2013, sem tók gildi 7. júní 2014, var leghálskrabbameini af völdum HPV bætt við framangreinda upptalningu. Framangreint hélst óbreytt við gildistöku reglugerðar nr. 1144/2015, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, 1. janúar 2016, sbr. 2. mgr. 7. gr. hennar. Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 314/2017, sem tók gildi 1. maí 2017, kom fram að í heilsuvernd barna væri ekki greitt gjald m.a. fyrir bólusetningar við leghálskrabbameini af völdum HPV. Hinar gjaldfrjálsu bólusetningar gegn leghálskrabbameini af völdum HPV færðust því samkvæmt síðastnefndu reglugerðinni frá ungbarnavernd yfir í heilsuvernd barna. Engin breyting varð þar á í eftirfarandi reglugerðum um sama efni, nr. 225/2018, 1251/2018, 1145/2019, 1248/2018, 1350/2020, 1582/2021, 1266/2022 og 1551/2022.

Með gildistöku reglugerðar nr. 1551/2023, um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, 1. janúar sl. var breyting gerð á framangreindu fyrirkomulagi. Í 3. mgr. 11. gr.

reglugerðarinnar kemur nú fram að í heilsuvernd barna sé ekki greitt gjald fyrir bólusetningar sem sóttvarnarlæknir skipuleggi og birtar séu í viðauka með reglugerð um bólusetningar á Íslandi.

### 2

Samkvæmt 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, er ekki heimilt að taka gjald m.a. fyrir heilsugæslu í skólum. Af athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 112/2008 má ráða að framangreind regla hafi verið látin haldast óbreytt frá þágildandi 1. tölul. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, var einnig að finna sömu reglu sem kom inn með lögum nr. 74/2002. Um það sagði m.a. í frumvarpi til laganna að felld séu inn í löginn nokkur ákvæði reglugerðar nr. 68/1996 „til að gera lagaákvæði um greiðsluþátttöku skýrari og aðgengilegri en ekki er um efnislegar breytingar að ræða“.

Kveðið var á um það í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðora í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, að undanþegnar gjaldskyldu séu komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar og heilsugæslu í skólum. Þá kom fram í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 81/1995, um sama efni, að undanþegnar gjaldskyldu séu komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum o.fl. Hið sama átti við samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 14/1993, 2. gr. reglugerðar nr. 194/1992 og 2. gr. reglugerðar nr. 582/1991. Hin síðastnefnda reglugerð var jafnframt sú fyrsta af sínum toga sem sett var með stoð í ákvæði laga nr. 90/1990, um heilbrigðisþjónustu. Einnig hefur reglunni verið fundinn staður í öllum eftirfarandi reglugerðum um sama efni en þær eru 24 talsins auk þeirra sem nefndar hafa verið. Skal látið við það sitja að vísa til núgildandi reglugerðar nr. 1551/2023, sbr. 3. mgr. 8. gr. hennar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, skyldi rækja heilsuvernd í öllum skólum landsins. Framkvæmd hennar var í höndum heilbrigðisstjórnar, sbr. 2. gr. laganna. Í 7. gr. laganna kom fram að heilsuvernd skyldi nemendum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu í öllum skólum, sem reknir voru af ríki eða sveitarfélögum eða styrks nutu af almannafé. Á grundvelli laganna var, ári eftir gildistöku þeirra, sett reglugerð um heilsuvernd í skólum, nr. 214/1958, þar sem fram kom í 1. gr. að heilsuvernd í skólum skyldi í aðalatriðum fólgin í m.a. eftirliti með heilsufari nemenda og tiltækilegum ráðstöfunum til að efla líkamlega og andlega hreysti þeirra og ráða bót á ágöllum, kvillum og sjúkdómum, vernd gegn smitsjúkdómum o.fl. Lög nr. 61/1957 voru felld úr gildi 1. ágúst 1996 með 57. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla.

Samkvæmt framangreindu hefur sú regla gilt samfelld í íslenskum rétti frá gildistöku laga nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, að heilsuvernd eða heilsugæsla í skólum skuli vera gjaldfrjáls. Nánar

tiltekið var slíka reglu að finna í almennum lögum fram til 1. ágúst 1996 í lögum nr. 61/1957, frá því tímamarki í reglugerð nr. 68/1996 sem hafði þá þegar tekið gildi 1. febrúar sama ár og frá 20. mars 2002 í reglugerð nr. 218/2002. Þá var reglan leidd í almenn lög á ný með 33. gr. laga nr. 74/2002 og er nú að finna í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, sbr. nánar framangreinda umfjöllun.

### III

Með hliðsjón af framangreindu er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að heilbrigðisráðuneytið, eftir atvikum með aðkomu sóttvarnalæknis, veiti upplýsingar um eftirfarandi:

1. Var eingöngu börnum á tilteknum aldri boðin bólusetning þeim að kostnaðarlausu gegn HPV sýkingum frá 24. september 2013 til 31. desember 2023? Ef svo er, er óskað eftir nánari upplýsingum um slíka framkvæmd á nefndu tímabili, og hvernig hún samrýmdist þágildandi 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001.
2. Var innheimt gjald fyrir bólusetningar barna gegn HPV sýkingum frá 24. september 2013 til 31. desember 2023? Ef svo er, er óskað eftir upplýsingum um fjárhæð slíkrar gjaldtöku, til hvaða aldurs hún tók, á hvaða lagagrundvelli gjaldtakan byggðist og hvernig hún samrýmdist þágildandi 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort að undanþágur hafi verið veittar frá slíkri gjaldtöku.
3. Óskað er upplýsinga um hvort að á grundvelli gildandi 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001, í kjölfar framangreindra breytinga á greininni, sé litið svo á að þau aldursmörk sem koma fram í viðauka við reglugerð nr. 1553/2023, þ.e. 12 og 12,5 árs, séu óundanþæg þegar bólusett er gegn HPV viðkomandi að kostnaðarlausu. Er þá t.d. haft í huga hvort að börn sem hafa þegar náð 13 ára aldri, og hafa ekki verið bólusett, muni almennt ekki koma til með eiga rétt á gjaldfrjálsum bólusetningum gegn HPV, og þá jafnvel þótt þau kunni að hafa átt slíkan rétt á grundvelli eldra réttarástands.
4. Einnig er óskað eftir því að gerð verði almenn grein fyrir fyrirkomulagi bólusetninga barna gegn HPV á árinu 2024. Í ljósi þess að í 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001 kemur fram að greiðsluhlutdeild fyrir aðrar bólusetningar barna skuli fylgja lögum og reglugerðum um sjúkratryggingar, er jafnframt óskað upplýsinga um hugsanlega gjaldtöku fyrir bólusetningar barna og á hvaða lagagrundvelli hún kann að hvíla.
5. Með vísan til 1. málsliðar 1. töluliðar 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, þar sem m.a. er kveðið á um að ekki

## UMBOÐSMÆÐUR ALÞINGIS

sé heimilt að taka gjald fyrir heilsugæslu í skólum, og þess sem er rakið að framan um áðurgildandi ákvæði laga og reglugerða þess efnis, er óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort að bóluþættingar sem framkvæmdar eru í skólum gegn HPV eða öðrum sjúkdómum teljist til „heilsugæslu í skólum“ í framangreindum skilningi.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni eigi síðar en 8. mars nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis



Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og  
OPCAT